



FLUG VIÐ

Tilmæli og leiðbeiningar

VETRARAÐSTÆÐUR



UNDIRBÚNINGUR FLUGS

Sagan kennir okkur að koma hefði mátt í veg fyrir mörg óhöpp og slys í vetraflugi ef undirbúningur flugs hefði verið við hæfi.

Loftför, sem flogið er yfir landsvæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar skulu búin merkja- og björgunarbúnaði, þ.m.t. lífsviðhaldsbúnaði (survival equipment), eftir því sem við á fyrir það svæði sem flogið er yfir. Fjallað er um lágmarksbúnað um borð í loftförum í reglugerð um starfrækslu loftfara nr. 237/2014 sem er aðgengileg á heimasíðu Samgöngustofu.

Þess eru dæmi að flugmenn í yfirlandsflugi að vetri séu í léttum sumarklæðnaði sem samræmist hvorki ofangreindri reglugerð né heilbrigðri skynsemi.

Mikilvægt er að flugmenn kynni sér upplýsingar í handbók loftfara varðandi flug við vetraraðstæður. Jafnframt er mikilvægt að flugmenn séu meðvitaður um veðuraðstæður og spár áður en farið er í flug. Þá er mikilvægt að flugmenn afli sér upplýsinga um ástand fyrirhugaðra landingarstaða og hafi viðeigandi lífsviðhaldsbúnað um borð.

Á árunum 2002 til 2015 urðu a.m.k. 11 flugslys og óhöpp á Íslandi við vetraraðstæður þar sem undirbúningur og ákvarðanataka flugmanns voru meðvirkandi þáttur í framangreindum flugslysum og óhöppum.

Hvítablinda, háлка/snjór á landingarstöðum, holklaki á óundirbyggðri braut, éljagangur, ísing o.fl. kemur þar við sögu.

Framhald á baksíðu



AÐSTÆÐUR

HVÍTABLINDA getur myndast í skafrenningi, snjókomu og þegar dreifing birtu á snævipakta jörð myndar enga skugga. Hvítablinda gerir ekki boð á undan sér.

Ástand snævipakinna flugbrauta er eingöngu hægt að kanna á jörðu niðri en ógerlegt að meta úr lofti.

HOLKLAKI getur myndast í frosti í brautum sem ekki eru undirbyggðar. Þar geta leynst holur þó yfirborðið sé slétt að sjá. Yfirborð slíkra brauta getur einnig orðið hættulega mjúkt þegar hitastig fer vel yfir frostmark.

Í éljagangi, í staðbundnum (local) flugum, er skynsamlegt að fljúga áveðurs við flugvöllinn ef aðstæður leyfa svo hægt sé að hörfa undan éli til lendarar. Nokkur dæmi eru um óvænt yfirlandsflug þegar flugmenn hafa þurft að hörfa undan éljum á milli þeirra og flugvallar.

Ómögulegt er að meta af öryggi hæð yfir snævipökku landi sem og vatni og dökkum sandi og því óraunhæft að treysta eigin mati. Nauðsynlegt er að flugmenn kynni sér landhæð á korti og beri saman við flughæð.

Sérstaklega þarf að vanda undirbúning flugs á flugvélum sem standa úti. Tryggja þarf að það sé engin ísing sem getur haft áhrif á afkastagetu flugvélar og mælitækja. Ef flugvél stendur úti með lítið eldsneyti á tönkum getur myndast raki (slagi) á innra borði tankanna sem síðan þéttist í vatn í eldsneytinu.

Í veðurstílu á köldum vetrardegi getur hitastig í flughæð yfir hitahvörfum verið nokkuð hærra. Við slíkar aðstæður geta myndast aðstæður fyrir frostrigningu.